

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur þriðjudaginn 14. janúar 2020

Mál nr. S-129/2019:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(*Sigurður Pétur Ólafsson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Einar Hugi Bjarnason lögmaður*)

Dómur

I.

Dómkröfur o.fl.:

Mál þetta, sem dómtekið var 20. desember 2019, var höfðað með ákæru lögrelustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 19. febrúar sama ár, á hendur X, kt. [...], [...], [...], „fyrir líkamsárás og brot á barnaverndarlögum í Reykjavík á árinu 2018 með því að hafa miðvikudaginn 2. maí á heimili sínu að [...] veist með ofbeldi að syni sínum, A, kt. [...] og hrint niður á rúm, sest ofan á hann og þrýst hnjám á bringu hans, tekið hálstaki, hrækt á andlit hans allt með þeim afleiðingum að A hlaut áverka á bringu, upphandlegg og aftan á háls.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 23/[2016] og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 3. gr. laga nr. 55/2009.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Fyrir hönd B, kt. [...], hér eftir nefndur bótakrefjandi, er gerir þá kröfu fyrir hönd ólögráða sonar síns A, kt. [...], gerir Inga Lillý Brynjólfsdóttir, lögmaður, þá kröfu að ákærðu verði gert að greiða bótakrefjanda miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- auk

vaxta [samkvæmt] 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 2. maí 2018 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt en með dráttarvöxtum [samkvæmt] 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærðu verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákæruvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru. Ákærða neitar sök og krefst þess aðallega að hún verði sýknuð, til vara að refsing verði felld niður, en til þrautavara að henni verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Einnig krefst hún þess að skipuðum verjanda hennar verði ákvörðuð málsvarnarlaun samkvæmt hjálagðri tímaskýrslu og þau greiðist úr ríkissjóði ásamt öðrum sakarkostnaði sem lagður verði á ríkissjóð. Þá krefst ákærða þess aðallega að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði stórlega lækkuð.

Skipaður réttargæslumaður, vegna hins ólöggráða bótakrefjanda, gerir þær kröfur sem greinir í einkaréttarkröfu samkvæmt ákæru en krefst þóknunar samkvæmt hjálagðri tímaskýrslu.

II.

Málsatvik:

1.

Með bréfi til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 14. júní 2018, óskaði Barnavernd Reykjavíkur eftir rannsókn á meintu ofbeldi gegn barni, fæddu [...] 2003. Í bréfinu var meðal annars tekið fram að meintur gerandi, ákærða, væri móðir barnsins. Um aðdraganda beiðninnar var vísað til þess að barnavernd hefði 3. maí 2018 borist tilkynning frá B, föður barnsins, vegna meints ofbeldis ákærðu sem barnið hefði greint föður frá. Í tilkynningu hefði komið fram nánar tilgreind lýsing á hinu meinta ofbeldi o.fl. og að það hefði átt sér stað kvöldið áður á heimili barnsins. Í bréfinu var vikið að því að faðir barnsins hefði fylgt því á heilsugæslustöð. Við lækni skoðun hefðu komið í ljós tilteknir áverkar á barninu, þeir verið ljósmyndaðir og atvikið verið skráð hjá heilsugæslu. Þá greinir í bréfinu að nokkru eftir atvikið hefði ákærða óskað eftir að fá að hitta barnið og biðja það afsökunar. Barnið hefði samþykkt að hitta ákærðu með tilteknum skilyrðum. Þau hefðu í framhaldi hist en umrædd skilyrði ekki gengið eftir, samskiptin ekki gengið sem skyldi og hún keyrt um með drenginn án hans samþykkis, auk þess sem hún hefði óskrað á hann skammaryrði og ásakanir. Drengurinn hefði orðið mjög hræddur eftir að hafa beðið móður sína ítrekað að stöðva bifreiðina og hleypa sér út. Það hefði

hún ekki gert fyrr en síðar, og þá vísað drengnum úr bifreiðinni. Barnaverndarstarfsmaður hefði rætt við ákærðu í síma 15. júní 2018. Hún hefði viðurkennt að hafa misst stjórn á skapi sínu við barnið og skýrt það með notkun lyfja sem hún væri nýbyrjuð að taka vegna veikinda. Þá hefði hún viðurkennt tiltekna háttsemi, áþekka þeirri sem barnið var búið að greina frá áður. Tekið var fram að drengurinn ætti yngri bróður, sem væri búsettur til skiptis hjá móður og föður. Þessu til viðbótar var tekið fram að áfram yrði unnið með málið á vegum starfsmanna barnaverndarnefndar, meðal annars samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Í vottorði C heimilislæknis, dags. 20. nóvember 2018, greinir meðal annars að barnið hafi komið til læknisskoðunar 3. maí sama ár í fylgd föður. Barnið hafi verið með áverkamerki á bringu og upphandlegg og aftan á hálsi hægra megin. Það hafi verið með einn lítinn marblett en engin opin sár. Hreyfigeta þess hafi verið eðlileg á hálsi, brjóstthrygg og öxlum. Barnið hafi hins vegar verið með væg þreifiefymsli á hálsi og vöðvafestum í hnakka.

Í vottorði D, sérfræðings við verkjamiðstöð Landspítalans, dags. 19. júní 2018, greinir meðal annars að ákærða hafi verið til meðferðar hjá verkjateymi sjúkrahússins frá 9. febrúar 2018. Ástæðan hafi verið langvinnir verkir í mjóbaki og ganglimum. Hún hafi verið sett á lyfið duloxetin við þessum verkjum, sem hún hafi tekið í hægt vaxandi skömmtum. Þetta hafi slegið á verki hennar í fyrstu en síðan hafi aukaverkanir farið að verða íþyngjandi. Þá greinir í vottorðinu: *Hún lýsir einkennum sem passa við serótónin heilkenni, skjálfta og eirðarleysi. Aðrar aukaverkanir eru [meðal annars] æsingur, sem telst algeng aukaverkun, árásargirni og reiði, sem er sjaldgæfara. Hún kveðst við eitt tilfelli hafa misst algerlega stjórn á skapi sínu og hafi það bitnað á syni hennar. Mögulegt er að umrætt lyf hafi stuðlað að ýktum viðbrögðum hennar. Eftir 17.05.2018 var lyfið því trappað niður og töku þess hætt. Önnur lyf sem hún notar gætu ýtt undir sömu aukaverkanir eru Tyroxin og Fentanyl.*

Í vottorði E yfirlæknis og F, læknis við göngudeild lyflækninga á Landspítalanum, dags. 20. júní 2018, greinir meðal annars að ákærða hafi á árinu 2017 verið með ofstarfsemi í skjaldkirtli sem hafi verið meðhöndluð með geislavirku jöði. Afleiðing meðferðar sé sú að skjaldkirtillinn hætti að framleiða þýroxín og þess vegna hafi verið hafin uppbótarmeðferð með þýroxíni til þess að tryggja eðlileg gildi skjaldkirtilshormóna hjá sjúklingnum. Í vottorðinu er vikið að því að vissst ójafnvægi sé í geðslagi einstaklinga sem gangi í gegnum ofvirkan skjaldkirtil sem og vanvirkan eða fyrstu vikurnar eftir að hafin sé uppbótarmeðferð með þýroxíni. Þá greinir í vottorðinu: *Sé horft á rannsóknarniðurstöður [ákærðu] kemur í ljós að vissst ójafnvægi var á skjaldkirtilsprufunum í nóvember 2017 og síðan aftur í apríl 2018 þegar á ný er hafin uppbótarmeðferð*

með hlutfallslega lágum skömmtum af thyroxini. Í byrjun júní 2018 voru skjaldkirtilsprufur síðan edlilegar og henni er ráðlagt að taka áfram sama skammt af thyroxini en fá mat á stöðunni hjá heimilislækni innan nokkurra mánaða.

Við rannsókn lögreglu gaf ákærða skýrslu með réttarstöðu sakbornings 31. ágúst 2018. Þá fékk barnið réttarstöðu brotaþola og gaf skýrslu 19. september sama ár á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem var háð í Barnahúsi. Greinir nánar frá þeirri skýrslu í III. kafla. B, faðir brotaþola, gaf skýrslu vitnis 27. september 2018. Einnig liggur fyrir greinargerð réttargæslumanns vegna einkaréttarkröfu brotaþola á hendur ákærðu, dags. 16. janúar 2019.

2.

Samkvæmt matsbeiðni ákærðu, eftir málshöfðun, var aflað matsgerðar dómkvadds matsmanns á sakhæfi ákærðu. Með ákvörðun héraðsdómara 4. apríl 2019 var Í kvaddur til að framkvæma matið. Nánar tiltekið laut matsbeiðni að því hvort ákærða hefði verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í samantekt og niðurstöðu matsgerðar hins dómkvadda matsmanns, dags. 18. júní 2019, greinir meðal annars: [...] Til viðbótar var [ákærða] greind með ofstarfsemi í skjaldkirtli, sem meðhöndla þurfti bæði með lyfjum og geislavirku jöði. Hún þarf að taka thyroxin til æviloka. [...] Vegna mikilla verkja var lyfinu duloxitini bætt við kröftuga verkjameðferð í febrúar 2018, skammtar voru hækkaðir í mars og í apríl 2018 var gerð breyting á thyroxin meðferð. [...] Serotonin er taugaboðefni í heila. Hækkun á serotonin getur orsakað lífshættulegt ástand. Lyf sem geta hækkað serotonin gera það annarsvegar með því að losa serotonin eða hamlu endurupptöku þess inn í frumur. Lyfið duloxitin er serotonin endurupptökuhemjari og önnur lyf sem [ákærða] notaði geta hugsanlega örvað losun serotonin. [...] Engin spurning er um að [ákærða] hefur í apríl og maí 2018 haft einkenni sem samrýmast serotonin heilkenninu. Þau einkenni eru aðallega þrennskónar. Truflunar á ósjálfráða [taugakerfinu] (óróleiki, hraður hjartsláttur, mikill sviti), truflanir í vöðvum (geispar o.fl.) og loks truflanir á geðslagi (æsingur, stjórnleysi, óljós vanlíðan). [...] Einkenni er [ákærða] lýsir samrýmast þessum einkennum. [...] Orsök einkennanna er örugglega sú lyfjameðferð, sem [ákærða] var á þessum tíma. Þar vegur þáttur duloxitins örugglega þyngst. Enda ganga einkenni [ákærðu] fljótt til baka, þegar þeirri meðferð er hætt. Önnur lyf sem gætu verið meðvirkandi eru verjalyfið fentanyl og ritalín og hugsanlega hafa breytingar á thyroxin meðferð haft áhrif. [...] Til viðbótar koma langvarandi streitu- og álagseinkenni eins og áður er lýst. [...]

Það er niðurstaða [geðlæknis] að enginn vafi sé á því að [ákærða] var haldin serotonin heilkenninu á verknaðarstundu 2. maí 2018. Serotonin heilkennið eitt sér gerir

hana að mati [geðlæknis] ekki „alls ófæra“ að stjórna gerðum sínum á umræddum tíma. [...] Önnur vanlíðan, sem að mestu leyti má rekja til afleiðinga langvarandi veikinda eru örugglega einnig meðvirkandi ástæður þess að [ákærða] átti erfitt með að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu. [...] Það er mat [geðlæknis] að ef [ákærðu] verði gerð refsing þá geti það haft alvarleg áhrif á geðheilsu hennar og er þá vísað til 16. [gr.] almennra hegningarlaga. Mikilvægt er að gera allt sem mögulegt er til að bæta samband hennar og eldri sonar með hagsmuni þeirra beggja í huga. [...]"

3.

Eftir málshöfðun aflaði ákærvaldið og lagði fram vottorð G sálfræðings, dags. 7. október 2019, sem er byggt á tuttugu meðferðarviðtölum brotþola á tímabili frá 16. október 2018 til 12. júlí 2019 í Barnahúsi. Í vottorðinu greinir að Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi með beiðni 25. september 2018 óskað eftir sérhæfðri meðferð og greiningu brotþola eftir að hann gaf skýrslu í Barnahúsi 19. sama mánaðar. Meðferðinni sé ólokið. Brotþoli sé á margan hátt þroskaður miðað við jafnaldra sína, einkum í málfari, tjáningu og framkomu. Þá sé hann augljóslega vel greindur. Brotþoli hafi ávallt mætt í bókuð viðtöl, tekið virkan þátt í samtalsmeðferð, tjáð og sýnt tilfinningar greiðlega, tekið fræðslu vel og nýtt sér það sem lagt sé upp með í meðferð. Niðurstöður sálfræðilegra prófa sýni meðal annars þunglyndi, kvíða og streitueinkenni undir klínískum viðmiðunum. Áfallastreitueinkenni hafi hins vegar á tímabili verið metin yfir klínískum mörkum. Þau einkenni hafi fengið stoð í lýsingum brotþola á líðan sinni og hugsunum í tengslum við meint brot. Á tímabili meðferðar hafi orðið bakslag í bata brotþola þegar ákærða leitaðist við að hafa samband við hann. Brotþola hafi liðið illa eftir þessi atvik og þau haft mikil áhrif á líðan hans til hins verra og það tekið hann töluverðan tíma að jafna sig. Hann hafi fundið fyrir mikilli og raunverulegri reiðtilfinningu auk þess sem samskiptin hafi hróflað við tilfinningum hans þar sem um sé að ræða móður hans, sem hann beri jákvæðar tilfinningar til. Brotþoli hafi hins vegar ekki áhuga á neinum samskiptum við ákærðu og sjái hana ekki sem hluta af sinni framtíð.

Atvik í tengslum við það þegar ákærða fékk því framgengt, eftir meint brot, að þau hittust til að ræða saman, eftir að hún hafi fallist á tiltekin skilyrði en síðan ekki staðið við þau, hvíli þungt á brotþola. Upplifi hann það sem trúnaðarrest og að sú atburðarás hafi verið skipulögð fyrir fram af hálfu ákærðu. Meint brot ákærðu samkvæmt lýsingu brotþola haft haft neikvæð áhrif á líðan hans og leitt til þess að hann hafi átt erfitt með að stjórna hugsunum sínum og tilfinningum. Því til viðbótar hafi honum orðið tíðræddara um síðara tilvikið og það komið meira fram í martröðum hans.

Ljóst sé að meint líkamlegt ofbeldi ákærðu gagnvart brotþola hafi haft mikil áhrif á líðan hans. Honum hafi tekist vel að vinna úr erfiðum hugsunum og tilfinningum í

viðtölum en staða hans sé engu að síður viðkvæm. Hann njóti mikils stuðnings föður og stjúpmodur, sem og annarra fjölskyldumeðlima og nánna vina. Um sé að ræða meint ofbeldi sem hafi átt sér stað á heimili brotþola, sem eigi að vera gríðastaður barna og öruggt umhverfi, og framið að hans sögn af ákærðu sem sé hans nánasti ættingi. Að lenda í slíkum aðstæðum sé afar erfitt fyrir fjórtán ára gamalt barn. Það hjálpi hins vegar brotþola hversu fús hann sé til að ræða tilfinningar sínar og hve vel hann hafi nýtt sér sálfræðimeðferð. Hætt sé við því að lífsreynsla brotþola kunni að hafa varanleg áhrif á líðan hans og þótt áfallastreitueinkenni séu í rénun, þá sé ekki unnt að útiloka að þau komi fram síðar á ævinni. Ekki sé heldur unnt að útiloka að brotþoli þurfi á sérfræðiaðstoð að halda til að takast á við líðan sína í framtíðinni, einkum vegna þess að meintur gerandi sé nákominn ættingi.

III.

Skýrslur fyrir dómi:

1.

Ákærða neitar sök. Í framburði hennar kom meðal annars fram að hún og yngri sonur hennar, H, hefðu verið heima umrætt kvöld. Hún hefði verið veik og með undarleg einkenni en H verið með umgangspeskt. Brotþoli hefði verið hjá vini sínum þennan dag eftir að hafa verið í skólanum. Hann hefði ekki skilað sér heim fyrr en um kvöldið, eftir að hafa borðað kvöldmat hjá föður sínum. Nokkuð áliðið hefði verið þegar brotþoli kom heim, klukkan verið um níu. Brotþoli hefði ekki verið búinn að láta vita af sér. Ákærða hefði beðið hann að sækja mat en hann svarað henni með stælum og verið að hnýta í H. Stirt hefði verið á milli þeirra bræðra á þessum tíma. Hún hefði orðið mjög pirruð yfir framkomu brotþola og henni fundist sem hann nennti ekki að hjálpa til á heimilinu. Þau hefðu farið að rífast og hann gargað á hana og endurtekið notað orðið *nei* í þeim samskiptum. Hún hefði reiðst vegna þessarar framkomu. Hún hefði verið að reyna að fá hann til að hjálpa til á heimilinu og sýna sér smá virðingu. Brotþoli hefði sýnt henni unglingsstæla og auk þess verið erfiður við H sem væri einhverfur. Brotþoli hefði yfirleitt verið gott barn en stælar verið að færast í aukana hjá honum á þessum tíma. Þá hefði verið erfitt fyrir hana í veikindunum að vera með bræðurna saman á heimilinu eins og fyrirkomulag var á umgengni bræðranna við föður sinn á þeim tíma.

Brotþoli hefði farið inn í svefnherbergi sitt og ákærða fylgt honum eftir. Hún hefði ætlað að skamma hann. Hann hefði æpt á móti henni og þau farið að rífast inni í herberginu. Hún hefði ýtt með vísifingri framan á ennið á brotþola svo hann lagðist aftur fyrir sig á bakið á rúm inni í herberginu. Sængin hefði verið í kuðli undir honum og upp við

vegginn. Því hefði hann hallast aðeins upp þegar hann lá á rúminu. Hann hefði verið að öskra á hana og hún tekið um kjálkana á honum með annarri hendinni með því að halda með þumli og vísifingri yfir hökuna svo fingurnir námu sinn hvorum megin við kjálkana. Fyrir henni hefði vakað að láta hann hætta að garga og kvaðst hún muna vel eftir gripinu. Til skýringar vísaði hún til þess að hún hefði hugsað um leið að hann væri ekki kominn með skegg og andlitið á honum væri mjúkt. Brotapoli hefði hætt að garga og hún sest klofvega ofan á hann. Hnén hefðu numið við framanverðar axlirnar á honum eða framanvert vöðvasvæði við handarkrika. Þá hefðu hnén hugsanlega einnig numið við bringuna á honum. Engin átök hefðu orðið á milli þeirra í rúminu, hann hefði ekki tekið á móti og hún ekki meitt hann. Hún hefði aldrei tekið fyrir munninn á honum. Hið sama væri að segja um hálsinn. Þá tók ákærða fram að hún væri mjög ósatt við það að vera borin sökum um hálstak sem ætti sér enga stoð í raunveruleikanum. Aldrei hefði hvarflað að henni að stofna brotápola í hættu. Hallinn á þeim í rúminu hefði verið með þeim hætti að þunginn hefði verið á hælunum á henni. Varðandi líkamsþyngd tók ákærða fram að hún hefði á umræddum tíma verið um 45 kg og brotapoli álíka þungur. Hún hefði gargað á hann og skammað hann fyrir framkomuna. Brotapoli hefði kvartað undan þunganum á meðan hún sat ofan á honum og hún þá strax fært sig og setið á mjaðmagrindinni eða fótasvæðinu. Einnig hefði hún, á meðan hún var á honum í rúminu, haldið með vinstri hendi um hægri framhandlegginn á honum. Þá hefði hún verið grátandi og munnvatn því frussast eða lekið yfir drenginn á meðan hún var að garga eða tala við hann. Hún hefði hins vegar ekki verið að skyrpa á hann og aldrei hefði verið ætlunin að meiða hann. Þá hefði hún ekki orðið vör við að hann rækist með höfuðið í eitthvað hart í eða við rúmið. Atvik þessi í svefnherberginu hefðu í mesta lagi varað í eina til tvær mínútur. Þá hefði hún aðeins haldið í brotápola í hluta af þeim tíma, eða rétt á meðan hann var að garga á hana. Hún hefði í framhaldi sagt við hann að hún gæti ekki verið með hann svona á heimilinu og í raun sagt að hann ætti að fara til föður síns. Hún hefði síðan fært sig yfir í annað herbergi. Yngri drengurinn hefði heyrt hvað gekk á og í framhaldi komið fram úr sínu herbergi og fylgt brotápola til dyra.

Nánar um atvik og ástand sitt umræddan dag kvaðst ákærða ekki hafa áttað sig á því hvað væri að hjá henni. Hún hefði verið búin að glíma við krabbamein o.fl. í langan tíma og þurft að taka inn lyf. Hún hefði verið að reyna að hætta á tilteknum lyfjum og verið að reyna að trappa sig niður af þeim, og verið sett á önnur lyf samkvæmt læknisráði. Hún hefði meðal annars verið með hjartsláttartruflanir og krampa og því ekki verið með sjálfri sér á umræddum tíma. Hún hefði sífellt verið að sofna við daglegar athafnir og verið eina fullorðna manneskjan á heimilinu sem hefði verið að fylgjast með þessu. Hún hefði misst yfirsýnina á það sem var að gerast hjá henni með lyfin og ekki áttað sig á því fyrr en eftir

á, þegar hún hefði lesið um lyfin og aukaverkanirnar. Um hefði verið að ræða auka-
verkanir vegna samsláttar í lyfjum, svokallað serótónín-heilkenni. Það hefði gert hana
árásargjarna, sbr. læknisfræðileg gögn sem hún hefði kallað eftir í framhaldi af umrædd-
um atvikum. Þetta hefði verið mikil breyting frá því sem áður var.

Henni hefði í umrætt skipti fundist sem brotaþoli væri ekki tilbúinn að sækja mat
handa þeim. Hún og yngri drengurinn hefðu bæði verið veik og brotaþoli verið mjög
dónalegur og erfiður við hana. Hann hefði sagt að hún ætti að standa sig betur sem móðir
og það hefði verið mjög erfitt fyrir hana að taka því. Á þessum tímamarki hefði hún ekki
verið með sjálfri sér. Hún hefði orðið mjög reið og misst stjórn á sér og verið mjög ógn-
andi en þó ekki þannig að það rynni á hana æði. Hún hefði því vitað hvað var að gerast
og getað haldið aftur af sér. Í þetta tiltekna skipti hefði hún hins vegar misst stjórn á
aðstæðunum með fyrrgreindum hætti, en það hefði aldrei gerst áður og aldrei hefði það
komið fyrir að hún legði hendur á börnin eða beitti þau ofbeldi. Aldrei hefði verið neitt
ofbeldi á heimilinu, hvorki milli hennar og föður drengjanna þegar þau bjuggu saman né
heldur milli hennar og drengjanna. Þá skildi hún vel að brotaþoli hefði orðið hræddur
þegar atvik gerðust. Hún sæi mjög mikið eftir því sem gerðist en lyfin hefðu „tekið af
henni persónuleikann“, gert henni erfitt fyrir og haft áhrif á aðstæðurnar sem þarna
sköpuðust.

Aðspurð kvaðst ákærða telja að áverkar á bringu brotaþola gætu hugsanlega skýrst
af því að hnén á henni hefðu numið við bringuna á honum. Ákærða kvaðst hins vegar
ekki vera viss um hvað hefði valdið áverkum á upphandlegg brotaþola. Hún teldi ólíklegt
að þeir væru af völdum hnjáanna, en þegar hún liti til baka og reyndi að átti sig á því hvar
hún gæti hafa meitt barnið, þá gæti það helst verið þegar hún hélt með annarri hendinni
um framhandlegg hans. Hún minntist þess hins vegar ekki að hafa haldið um upphand-
legginn. Í því sambandi vísaði hún til þess að brotaþoli hefði beðið hana að færa sig og
þá hefði sér orðið litið niður og hún séð að hún hélt um framhandlegginn. Ákærða kvaðst
hins vegar ekki vita eða skilja hvernig brotaþoli hefði getað fengið áverka aftan á hálsi.

Ákærða kvaðst hafa hitt brotaþola nokkrum dögum síðar á bensínstöð. Þau hefðu
mælt sér mót og bróðir hennar haft aðkomu að því. Lýsingar brotaþola á þeim atvikum
væru hins vegar ekki réttar og það væri rangt að hún hefði blekkst brotaþola til að fylgja
sér inn í bifreiðina. Þau hefðu í fyrstu gengið saman á svæði í kringum stöðina en um-
ræddan dag hefði verið mjög kalt úti og hún viljað leita skjóls og hann samþykkt að fylgja
henni í bifreiðina. Hún hefði hins vegar ekki beðið brotaþola almennilega afsökunar á
því sem gerðist. Hún hefði enn verið ósátt við það hvernig hann lét, og þá sérstaklega út
af framkomu hans í garð yngri bróður síns. Brotaþoli hefði í samtali þeirra getið þess að
hann teldi rétt að hann væri meira hjá föður sínum en hjá henni. Hún hefði tekið undir
það sjónarmið í samtalinu og sér hefði vírst sem hann væri ekki undir það svar búinn.

Hann hafi hugsanlega búist við því að hún myndi mótmæla honum og leggja eindregið til að hann byggi áfram hjá henni. Hún hefði hins vegar verið það veik á þessum tíma að hún hefði ekki getað verið með báða drengina hjá sér á heimilinu. Hún hefði litið á það sem ósigur og verið að viðurkenna það í samtalinu við brotþola. Það hefði verið henni þungbært eftir það sem á undan var gengið með veikindin.

Ákærða tók fram að sambandið milli hennar og brotþola hefði rofnað eftir að umrædd atvik áttu sér stað. Engin samskipti hefðu verið milli þeirra frá þeim tíma. Þá hefði of langur tími liðið frá því að atvik áttu sér stað uns sálfræðihjálpi fékkst fyrir brotþola. Hún væri ósátt við það og hefði viljað leggja sitt af mörkum til að ráða bót á því, en án árangurs. Ákærða hefði útvegað sálfræðiaðstoð fyrir yngri drenginn þar sem hann hefði tekið atvikum illa og verið reiður út í bróður sinn. Þá hefði hún sjálf leitað til sálfræðings til að vinna úr umræddum atvikum, auk annarra ráðstafana varðandi lyf o.fl.

2.1.

Brotþoli gaf fyrri dómskýrslu undir rannsókn málsins 19. september 2018, á dómþingi sem var háð í Barnahúsi. Í skýrslunni kom meðal annars fram að hann og ákærða hefðu rifist umrætt kvöld. Klukkan hefði verið um tíu eða ellefu. Það hefði byrjað út af því að ákærða hefði verið ósátt við hegðun hans gagnvart henni og bróður hans. Þá hefði hann einnig verið ósáttur við ákærðu vegna ills umtals hennar um föður þeirra.

Brotþoli hefði farið inn í herbergið sitt og ekki viljað halda samtalinu áfram. Hún hefði hins vegar fylgt honum eftir inn í herbergið. Þar inni hefði hún gripið í hann og hent honum niður á rúmið, eða hún hefði ýtt honum niður á rúmið, hún síðan farið ofan á hann, tekið um hálsinn með báðum höndum og sett bæði hnén ofan á bringuna á honum. Einnig hefði hún verið með skammir og öskrað á hann og *spýtt frussi í fésið* á honum. Brotþoli hefði átt erfitt með að anda þar sem ákærða þrengdi að öndunarveginum. Þá hefði þetta varað í langan tíma, hugsanlega í um eina mínútu. Ákærða hefði með þessu meitt brotþola og hann orðið mjög hræddur og óttast um líf sitt. Hún hefði síðan farið af honum og sagt honum að fara út. Hann hefði hraðað sér út og tekið með sér skólaladótíð. Yngri bróðir hans, sem hefði verið inni í sínu herbergi á meðan atvik áttu sér stað og heyrt í þeim, hefði komið fram þegar brotþoli var að fara og kvatt hann. Brotþoli hefði þá verið frammi á gangi að bíða eftir lyftunni. Brotþoli hefði síðan hringt í föður sinn og hann komið og sótt hann um tíu mínútum síðar og þeir farið heim til hans.

Brotþoli kannaðist ekki við að ákærða hefði áður ráðist á hann en þau hefðu hins vegar áður rifist. Þau hefðu hist næst um viku eða tveimur vikum síðar. Það hefði atvikast með þeim hætti að ákærða hefði sent brotþola skilaboð og viljað hitta hann. Hann hefði viljað hitta hana á opnu svæði og nálægt einhverjum öðrum. Það hefði orðið úr að þau ákváðu að hittast á bensínstöð þar sem brotþoli var að vinna, og frændi hans, sem einnig

var að vinna á stöðinni, hefði átt að vera nálægur samkvæmt því sem fram hefði komið í skilaboðum frá ákærðu. Frændi hans hefði hins vegar reynst vera upptekinn þegar ákærða kom á staðinn, en þau hefðu talað saman og hún farið að biðjast afsökunar á því sem hafði gerst á milli þeirra. Ákærðu hefði verið kalt þar sem þau voru utandyra og hún viljað fara inn í bifreið. Brotapoli hefði fylgt henni inn í bifreiðina en hún þá farið að garga á hann og skamma hann fyrir fyrri hegðun. Hún hefði síðan ekið bifreiðinni af stað. Honum hefði líðið illa að vera með henni í bifreiðinni og viljað fara en hún hefði ekki hleypt honum út fyrr en fimm til tíu mínútum síðar. Kvaðst brotapoli telja að ákærða hefði lokkað hann upp í bifreiðina þar sem síðar hefði komið fram að frændi hans hefði ekkert vitað um það að hann ætti að vera viðstaddur þegar þau hittust. Þau hefðu svo ekki verið í samskiptum eftir þetta, hann búið hjá föður sínum og atvikin valdið honum miklum kvíða.

2.2.

Brotapoli gaf síðari dómskýrslu við aðalmeðferð málsins. Í þeirri skýrslu kom meðal annars fram svipuð lýsing á upphafi atvika og áður greinir í skýrslu í Barnahúsi. Um hefði verið að ræða rifrildi milli brotþola og ákærðu út af einhverju sem tengdist framkomu hans í garð yngri bróður hans. Hvað það nákvæmlega var kvaðst brotapoli ekki muna en hann hefði sagt frá því í Barnahúsi. Hún hefði verið ósátt og farið að öskra á hann en hann ekki á hana. Hann hefði ekki skilið ástæðuna og verið henni ósammála.

Hann hefði farið inn í herbergið sitt og hún elt hann. Brotapoli kvaðst ekki muna í smáatriðum hvað gerðist inni í herberginu. Hann hefði sest á rúmið og hún ýtt honum og hann endað liggjandi í rúminu uppi við vegg og með kotta fyrir aftan sig. Honum hefði verið ýtt og það verið gegn vilja hans en hvernig hann endaði í rúminu myndi hann ekki lengur. Hann gæti hins vegar hafa greint frá því í Barnahúsi, en um hefði verið að ræða einhvers konar þvingun. Ákærða hefði setið mjög ógnandi ofan á honum með hnén ofan á bringunni og öskrað á hann og skammað hann. Ákærða hefði, að því er brotþola minnti, gripið með höndunum í axlir hans eða nálægt hálsinum. Þá hefði þunginn af hnjúnum ofan á bringunni gert honum erfitt fyrir um andardrátt. Ákærða hefði einnig frussað eða hrækt í andlit hans og augu, eins og það væri í senn viljandi og óviljandi, og, að því er honum fannst, til þess að honum líði óþægilega. Hann hefði beðið hana að hætta en hún að einhverju leyti verið áfram ofan á honum svo hann gat ekki komist í burtu. Hann hefði verið óttasleginn og varla getað hreyft sig og ekki barist um. Brotapoli kvaðst ekki gera sér grein fyrir því hversu lengi þetta hefði varað, en það hefði ekki verið lengur en í fimm mínútur.

Nánar aðspurður um fyrrgreint grip með höndunum á andlits- eða hálssvæði kvaðst brotaþoli telja hugsanlegt að ákærða hefði tekið um kjálkana á honum með annarri hendinni með því að halda með þumli og vísifingri yfir hökuna svo fingurnir námu sinn hvorum megin við kjálkana. Hendurnar hefðu verið einhvers staðar á andlitssvæði, öxlum, hálsi eða munni. Hann myndi hins vegar ekki alveg í smáatriðum hvernig það gerðist vegna þess langa tíma sem væri liðinn. Þá hefði hann með vilja reynt að vera ekki að rifja upp atvik.

Loks hefði hún farið af honum og sagt honum að fara út. Hann hefði gripið skólatöskuna og hlaupið fram á gang. Yngri bróðir hans hefði komið og kvatt hann þar sem hann stóð og beið eftir lyftu. Hann hefði síðan farið niður með lyftunni og út úr húsinu og síðan falið sig bak við bifreið á bifreiðastæði fyrir utan. Hann hefði verið hræddur um að ákærða myndi elta hann. Hann hefði hringt í föður sinn og beðið hann að koma og sækja sig. Faðir hans hefði komið og sótt hann tíu til fimmtán mínútum síðar en á meðan hann beið hefði ákærða reynt að hringja í hann og senda honum skilaboð með beiðni um að koma til baka.

Brotapoli kvaðst hafa meiðst við það sem gerðist. Hann hefði verið marinn og aumur í nokkra daga á eftir, aðallega í öxlinni eða á axlarsvæði, og farið til læknis til að láta líta á sig. Fyrrgreind atvik hefðu verið einsdæmi en hann hefði aldrei áður sætt líkamlegu ofbeldi af hálfu ákærðu. Þau hefðu hist nokkrum dögum síðar á bensínstöð, eins og áður greinir í hinni fyrri skýrslu brotaþola.

Í heildina kvaðst brotaþoli hafa munað mun betur eftir atvikum þegar hann gaf skýrslu í Barnahúsi. Skemmri tími hefði þá verið liðinn frá því að þau gerðust. Atvikin hefðu valdið honum miklum kvíða og vanlíðan, honum liði til að mynda mjög illa ef hann væri staddur í nágrenni við umræddan stað. Þá hefði hann endurupplifað atvikin og fundið fyrir vanlíðan í daglegu lífi. Hann hefði leitað til sálfræðings og verið í viðtölum í um það bil eitt ár og það hefði hjálpað honum mikið.

3.

H, yngri bróðir brotaþola, gaf skýrslu vitnis á dómþingi sem var háð í Barnahúsi í tengslum við aðalmeðferð. Í framburði hans kom meðal annars fram að brotaþoli ætti það almennt til að gera meira úr atvikum en í raun og veru gerðist. Hvað varðaði umrædd atvik þá bar H um að hann hefði þegar þau áttu sér stað verið inni í herberginu sínu og undir sæng. Hann hefði umræddan dag verið kvefaður og heyrt greinilega í ákærðu og brotaþola vera að rífast í herbergi brotaþola við hliðina á sínu herbergi. Ákærða hefði verið að skamma brotaþola en hann ítrekað öskrað að henni á móti með orðinu *nei*. Þannig hefði hann gripið fram í þegar ákærða var að reyna að tala við hann. Þá hefði hún svarað honum á móti og spurt hann hvað hann meinti með því. Umrætt kvöld hefði

brotapoli átt að vera kominn heim miklu fyrr en hann gerði. Ákærða hefði verið lasin og brotapolí hefði ekki sagt henni frá því að hann væri með vinum sínum.

H sagðist hafa farið fram eftir að rifrildinu lauk. Ákærða hefði þá verið farin inn í annað herbergi og verið leið og þreytt. Hann hefði séð að brotapolí var dálítið rauðeygður þar sem hann hefði verið að gráta. Brotapolí hefði verið að klæða sig í útiföt og verið á leið til föður síns. Þetta hefði verið seint um kvöldið, klukkan verið um ellefu. Brotapolí hefði síðan farið. H kvaðst hafa verið dálítið pirraður út í brotapolá og sér hefði liðið illa út af móður þeirra. Hún hefði verið að taka röng lyf og því ekki hegðað sér eins og hún var vön. Hann hefði heyrt móður sína tala um það við aðra að hún hefði fengið röng lyf. Þá hefði hann líka tekið eftir því sjálfur þar sem hún hefði oft hegðað sér skringilega á þessum tíma. Hann hefði hitt brotapolá næst þegar hann fór til föður síns.

4.

B, faðir brotapolá, gaf skýrslu vitnis. Í framburði hans kom meðal annars fram að brotapolí hefði hringt í hann umrætt kvöld á milli klukkan 22:00 og 22:30. Hann hefði verið í miklu uppnámi og spurt B hvort hann gæti komið og sótt sig. Það hefði ekki komið fyrir áður að brotapolí væri í svona miklu uppnámi. Hann hefði hraðað sér af stað á bifreið og sótt brotapolá. Mikið fát hefði verið á brotapolá og honum greinilega liðið mjög illa. Í samtali þeirra hefði komið fram að ákærða hefði vísað honum út af heimilinu vegna undangenginna átaka milli þeirra tveggja. Hann hefði farið með brotapolá heim til sín og drengurinn lagst strax til hvílu. Hann hefði sest hjá honum og reynt að ræða við hann en hann verið örþreyttur og ekki sagt mikið. Hann hefði spurt hann hvað hefði gerst og hann greint frá því að ákærða hefði ráðist á sig eftir að þeim lenti saman í rifrildi. Frekari lýsingar á atvikum hefðu ekki fengist þá um kvöldið.

Daginn eftir hefði brotapolí greint frá atvikum í meiri smáatriðum. Í þeirri frásögn hefði meðal annars komið fram að ákærða hefði hrint eða ýtt brotapolá í rúmið, lagst ofan á hann, tekið hann hálstaki og skyrpt framan í hann. B kvaðst hins vegar ekki muna þá frásögn lengur í smáatriðum. Hann hefði skynjað það í samskiptum þeirra að brotapolá hefði verið mikið í mun að sér væri trúað. Þá hefði hann skynjað það hjá brotapolá að hann upplifði það sem gerðist óraunverulegt. Allt fas og framkoma brotapolá hefði verið þannig að hann óskaði þess að atvik hefðu ekki gerst og þannig hefði það verið í nokkurn tíma á eftir. Hann kvaðst hafa reynt að sýna brotapolá þann stuðning sem unnt var í þessum aðstæðum og sagt honum að hann tryði því að umrædd atvik hefðu gerst.

Brotapolí hefði verið með mar á bringunni og hann hefði farið með hann til læknis og látið athuga það. Þá hefði hann eitthvað verið marinn í andlitinu. B kvaðst hins vegar ekki treysta sér til að lýsa þeim áverkum í smáatriðum vegna þess tíma sem væri liðinn frá atvikum en tók fram að brotapolí hefði aðallega verið í andlegu uppnámi.

Brotapoli hefði nokkru eftir þetta, að fyrra bragði, sett sig í samband við ákærðu og viljað hitta hana. Tilgangurinn með því hefði verið að reyna tala við hana um það sem gerðist og fá einhverja niðurstöðu í það. Það hefði síðan leitt til þess að þau tvö mæltu sér mót á bensínstöð nokkrum dögum eftir umrædd atvik. Bróðir ákærðu hefði verið að vinna á bensínstöðinni. Brotapoli hefði ekki viljað hitta ákærðu einsamall þar sem hann hefði óttast að hún myndi ráðast á sig aftur. Þau hefðu hist umræddan dag eftir klukkutíma töf af hálfu ákærðu. Hún hefði gefið tilteknar skýringar á þeim tögum og fengið brotapolu til að setjast upp í bifreiðina hjá sér. Þegar brotapoli hefði verið kominn þar inn hefði ákærða keyrt af stað og öskrað á hann í bifreiðinni. Brotapoli hefði verið gegn vilja sínum í bifreiðinni í allt að klukkustund. Samanlagt hefðu þessi tvö atvik, fyrst það sem gerðist í upphafi á heimili brotapolu og ákærðu og síðan það sem gerðist milli þeirra í bifreiðinni, haft veruleg áhrif á andlega líðan brotapolu. Þá hefði hann sótt sálfræðimeðferð í Barnahúsi vegna þeirra. Hann kvaðst ekki vita til þess að áður hefði komið til líkamlegra átaka milli brotapolu og ákærðu.

5.

I, félagsráðgjafi og fyrrverandi starfsmaður Barnaverndar Reykjavíkur, gaf skýrslu vitnis símleiðis og gerði grein fyrir beiðni Barnaverndar til lögreglu um rannsókn vegna umræddra atvika. I kvaðst í aðdraganda beiðninnar hafa hitt brotapolu og föður hans. Hún hefði rætt við brotapolu og í því samtali hefði í aðalatriðum komið fram að ágreiningur hefði komið upp milli hans og ákærðu og þau verið ósátt. Ákærða hefði verið með ásakanir í hans garð og hún hefði hrint honum í rúm, sest ofan á bringuna á honum, tekið hann hálstaki, hrækt og öskrað á hann og í framhaldi hefði hún vísað honum út af heimilinu. Eftir að hafa rætt við brotapolu hefði I rætt við föður brotapolu og síðan hefði hún rætt við ákærðu símleiðis.

6.

C, heimilislæknir, gaf skýrslu vitnis símleiðis og staðfesti vottorð, dags. 20. nóvember 2018. Í skýrslu C kom meðal annars fram að áverkamerki á brotapolu hefðu verið á bringu, upphandlegg og aftan á hálsi hægra megin. Áverkarnir hefðu samrýmst lýsingu brotapolu á atvikum. Áverkarnir hefðu verið minni háttar. Hvað varðaði þreifymsli þá hefðu þau komið til við hnykk eða álag á hálsi. Aðspurð hvort tak á höku eða andliti gæti valdið þeim eymslum taldi hún svo ekki vera en þó gætu þau mögulega hafa orðið til ef streist hefði verið á mótí. Sjáanlegur áverki aftan á hálsi, roði, hefði ekki komið til vegna hnykks á höfði. Sá áverki hefði myndast við þrýsting með hendi eða við núning við eitthvað í rúminu, mögulega við rúmbrík eða eitthvað annað hart þar. Erfitt væri hins vegar að segja til um hið síðara og það væri frekar ólíklegt en mögulega ekki

hafið yfir vafa. Í því sambandi verði hins vegar að taka tillit til þess að þegar áverkamerki vari í meira en sólarhring skýrist þau yfirleitt ekki af því að legið hafi verið ofan á einhverju hörðu.

7.

G sálfræðingur gaf skýrslu vitnis símleidis og staðfesti vottorð, dags. 7. október 2019. G bar um að hafa hitt brotþola í tvö skipti eftir útgáfu vottorðsins. Meint brot og önnur atvik í tengslum við málið hefðu haft gríðarlega mikil áhrif á líðan brotþola og samskipti hans við móður og önnur samskipti innan fjölskyldunnar. Brotþoli hefði sýnt mikla tilfinningalega erfiðleika í kjölfar meints brots. Atvik eftir meint brot þegar hann hitti móður sína með tilteknum skilyrðum hefðu haft sérstaklega neikvæð áhrif á hann og hann fengið martraðir á eftir. Brotþoli væri mjög vel gerður strákur og ætti almennt gott með að tjá sig. Þá hefði hann nýtt sér vel meðferðarviðtöl.

Sjálfsmatskvarði yfir áfallastreituröskun í nóvember 2018 hefði verið rétt yfir viðmiðunarmörkum. Kvarðinn hefði verið á mörkum þess að vera áfallastreituröskun eða áfallastreitueinkenni. Viðmiðunarmörkin væru tölugildið 33. Erfitt væri hins vegar að greina áfallastreituröskun eingöngu út frá kvarðanum. Varlegt væri að miða við að brotþoli hefði á þessum tíma sýnt áfallastreitueinkenni en að þau hefðu ekki verið á því stigi að þau uppfylltu algerlega greiningarskilmerki áfallastreituröskunar. Í júlí 2019 hefði kvarðinn hjá honum verið kominn niður í tölugildið 19. Hann hefði á þeim tíma verið búinn að vinna vel úr þeim áfallastreitueinkennum sem hrjáðu hann mest og talsverð vinna hefði verið lögð í það að hjálpa honum með þau einkenni. Það hefði gengið ágætlega. Sálfræðilegar prófanir hjá brotþola hefðu sýnt þunglyndi, kvíða og streitueinkenni undir klínískum viðmiðunum. Hann hefði verið með sögu um kvíða fyrir meint brot og sú vanlíðan hefði aukist hjá honum á tímabili. Hann hefði hins vegar mælst undir mörkum og ekki uppfyllt greiningarskilmerki kvíðaröskunar.

Brotþoli væri mjög viðkvæmur og meint brot hefði haft gríðarlega mikil áhrif á hann. Atvik eftir meint brot, þegar hann féllst á að hitta ákærðu með tilteknum skilyrðum, sem brugðust, hefðu valdið honum miklu hugarangri. Þau atvik hefðu gengið mjög nærri honum og haft mikil neikvæð áhrif á hann og aukið mjög á heildaráhrifin af meintu broti. Brotþoli hefði lýst tilfinningum sínum í garð móður sinnar með þeim hætti að hann hefði fyrst orðið mjög reiður. Atvikin hefðu valdið honum djúpum sársauka, meira en reiði. Hann hefði upplifað atvikin sem svik og honum ekki fundist að hún tæki fulla ábyrgð á gjörðum sínum. Ákærða hefði sent honum bréf og innantóm skilaboð en aldrei tekið ábyrgðina eða beðist almennilega fyrirgefningar á því sem gerðist.

Í geðlæknir gaf skýrslu dómkvadds matsmanns og gerði grein fyrir helstu forsendum og niðurstöðum matsgerðar. Í framburði matsmanns kom meðal annars fram að hann hefði haft aðgang að öllum málgögnum, aflað upplýsinga úr sjúkraskrá, rætt hefði verið við heilbrigðisstarfsfólk í verkjateymi, sem komið hefði að meðferð ákærðu, auk þess sem matsmaður hefði hitt ákærðu í matsviðtali.

Ákærða væri vel gefin kona sem hefði gengið í gegnum miklar hremmingar. Að mati matsmanns væri ljóst að mikil eftirsjá væri hjá ákærðu vegna umræddra atvika og það hefði til að mynda birst í því að hún hefði verið að mestu grátandi í matsviðtali. Þá hefði ákærða í viðtalinu vikið að samskiptum við brotþola nokkrum dögum eftir meint brot, en hún hefði á þeim tíma ennþá verið reið við hann. Hún hefði í það skipti átt að biðja hann afsökunar á því sem gerðist en ekki gert það. Hún hefði verið komin í öngstræti með samskiptin og dregist hefði að reyna að leysa úr því. Ákærða hefði verið í flókinni lyfjameðferð vegna krabbameins og á tímabili hefði henni vart verið hugað líf. Krabbameinið virtist hins vegar hafa hreinsast upp en hún væri ekki ennþá búin að jafna sig og hún hefði verið áfram á verkja- og skjaldkirtilslyfjum. Þetta hefði haft áhrif á báða syni hennar, og þá ekki síður þann eldri, brotþola, sem væri mjög vel gefinn. Þá væri hinn yngri með ódæmigerða einhverfu sem hefði valdið spennu á milli bræðranna. Hafa þyrfti í huga að ákærða hefði verið líkamlega veik á þeim tíma þegar meint brot var framið.

Grunur hefði vaknað um svokallað serótónín-heilkenni sem nánar væri lýst í matsgerð. Það heilkenni geti komið til vegna of mikils serótóníns á milli frumueinda. Í því sambandi hefði matsmaður litið til þunglyndis- og verkjalyfja sem ákærða var að taka á umræddum tíma. Ekki lægi alveg ljóst fyrir um samverkan lyfjanna sem ákærða var að taka, en hugsanlega hafi verkjalyfin getað verið meðvirkandi þáttur í serótónín-heilkenni. Serótónín-heilkenni, eitt og sér, geti hins vegar ekki skýrt háttsemi ákærðu umrætt kvöld. Margir aðrir þættir skipti máli í því sambandi, eins og hvernig samskipti brotþola og bróður hans voru á þessum tíma og að undangenginn skilnaður ákærðu og föður drengjanna hafði verið henni erfiður. Niðurstaða matsmanns hefði því verið sú að 15. gr. almennra hegningarlaga gæti ekki átt við um ákærðu þar sem skilyrði hefði ekki verið uppfyllt um að hún hefði verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu.

Matsmaður hefði hins vegar í matsgerðinni leyft sér að vísa til 16. gr. sömu laga þar sem hann hefði komist að þeirri niðurstöðu að refsing gæti haft alvarleg áhrif á geðheilsu ákærðu. Teldi hann að þau átök sem urðu milli ákærðu og brotþola væru nægjanlega erfið fyrir hana. Að mati matsmanns væri farsælasta niðurstaðan vegna umræddra atvika að reynt yrði að bæta samband ákærðu og brotþola með hagsmuni beggja í huga. Heildstætt mat á atvikum máls, sjúkrasögu, lyfjaneyslu og öðrum erfiðleikum í lífinu hefði

leitt til þeirrar niðurstöðu matsmanns að ákærða hefði verið í trufluðu ástandi í skilningi 16. gr. almennra hegningarlaga og að refsing geti ekki borið árangur.

IV.

Niðurstöður:

Í máli þessu er ákærðu gefin að sök háttsemi sem greinir í ákæru og ákæruvaldið telur varða við 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum og 1. og 3. mgr. 99. gr. í barnaverndarlögum. Þessu til viðbótar hefur málið við munnlegan flutning í aðalmeðferð, til vara, verið sótt og varið vegna meints brots ákærðu gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, auk fyrrgreindra ákvæða í barnaverndarlögum, komi til þess að dómurinn telji að 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum eigi ekki við um háttsemina, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærða neitar sök. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 hvílir á ákæruvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik sem telja má henni í óhag. Gerð hefur verið grein fyrir framburði ákærðu og brotþola fyrir dómi, auk annarra vitna og dómkvadds matsmanns, sbr. III. kafla. Þá hefur verið gerð grein fyrir aðkomu barnaverndar, rannsókn lögreglu og sakargögnum, sbr. II. kafla. Ágreiningur er að nokkru um atvik máls og einstök atriði í verknaðarlýsingu ákæru. Þá er ágreiningur um heimfærslu á háttsemi ákærðu til lagaákvæða, saknæmi o.fl. Í málinu er hins vegar ekki ágreiningur um að ákærða hafi verið mjög veik á verknaðarstundu og haldin sérótónin-einkennum af lyfjum, sbr. matsgerð dómkvadds matsmanns.

Framburður ákærðu hefur í meginatriðum verið stöðugur og nákvæmur um öll atvik. Þá samrýmist framburður hennar skýrslu hennar hjá lögreglu. Ákærða hefur gert grein fyrir heilsufari sínu og rakið atvik og samskipti sín við brotþola umrætt kvöld, þar með talið atvik eins og þau horfa við henni þegar meint brot voru framin, auk annarra samskipta og atvika eftir á. Framburður hennar hefur verið einlægur en ljóst er af skýrslugjöf hennar fyrir dómi, eins og hún birtist við aðalmeðferð, að upprifjun hennar á atvikum er henni mjög þungbær. Hið sama á í meginatriðum við um framburð brotþola, en hann hefur tvívegis gefið skýrslu fyrir dómi. Framburður hans hefur í öllum meginatriðum verið stöðugur og nákvæmur að teknu tilliti til þess tíma sem liðinn er frá atvikum. Fyrri dómskýrsla hans er í meginatriðum skýr en nokkuð knöpp. Þá er ljóst af hinni síðari dómskýrslu að hann man atvik ekki eins vel þá og áður. Brotþoli hefur til skýringar á því vísað til þess tíma sem liðinn er frá því að atvik áttu sér stað, auk þess sem hann hafi leitast við að vera ekki að hugsa um þau. Að mati dómsins eru ekki sérstakar vísbendingar uppi um að brotþoli hafi með röngu verið að geta í eyðurnar. Þá hefur hann gefið eðli- legar og rökréttar skýringar á framburðinum. Framburður hans hefur verið einlægur en skýrslugjöf hans fyrir dómi, einkum hin síðari, bendir til þess að upprifjun hans á atvikum

sé honum þungbær. Samrýmist það vottorði og framburði vitnisins G sálfræðings. Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að framburður þeirra beggja fyrir dómi hafi í öllum aðalatriðum verið greinargóður og trúverðugur.

Nokkuð ber á milli í framburði ákærðu og brotþola um hluta af atvikum, einkum það sem snýr að meintu ofbeldi samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru, en þó ekki að öllu leyti. Stendur þar orð gegn orði um það sem út af ber. Þá ber þeim ekki alveg saman um atvik þegar þau hittust eftir á á fyrrgreindri bensínstöð, sem virðast hafa tekið mjög á brotþola, en fyrir liggur að málssókn ákæruvaldsins samkvæmt verknaðarlýsingu í ákæru tekur ekki til þess hluta málsins. Samhljómur er í framburði þeirra um helstu atvik í tengslum við aðdraganda meintra brota. Þeim ber saman um að þau hafi verið að rífast eftir að brotþoli kom heim umrætt kvöld, að ákærða hafi fylgt brotþola eftir inn í svefnherbergi og hún hafi öskrað á hann og skammað hann. Hið sama á að mestu við um það sem gerðist eftir meint brot, að brotþoli hafi að beiðni ákærðu farið úr íbúðinni og faðir hans hafi stuttu síðar sótt hann fyrir utan húsið. Fyrir liggur að yngri bróðir brotþola, vitnið H, hefur borið um að ákærða og brotþoli hafi verið að rífast og hinn síðarnefndi hafi verið með tárin í augunum þegar hann fór úr íbúðinni. Þá hefur faðir brotþola, vitnið B, borið um það að brotþoli hafi verið í uppnámi þegar hann hringdi í hann og hann sótti hann stuttu síðar. Að framangreindu virtu ber að leggja til grundvallar að ákærða og brotþoli voru að rífast í aðdraganda meintra brota ákærðu og þegar þau voru framin, og hún hafi í þeim samskiptum meðal annars öskrað á brotþola. Þá hafi honum verið nokkuð brugðið og hann verið miður sín af völdum ákærðu vegna þess sem á undan var gengið þegar hann fór af staðnum og var sóttur af B. Þá hafi honum liðið illa andlega á eftir. Framburður vitnisins B fyrir dómi varðandi meint brot ákærðu að öðru leyti byggist einvörðungu á endursögn brotþola á því hvað gerðist og hefur því takmarkaða þýðingu fyrir sönnunarmat málsins.

Hvað varðar verknaðarlýsingu í ákæru, þá ber ákærðu og brotþola saman um að hún hafi sest ofan á brotþola í rúminu og hnén á henni hafi þrýst á bringu brotþola. Samrýmist það áverka á bringu brotþola samkvæmt vottorði og framburði vitnisins C lækni. Að þessu virtu telst fram komin lögfull sönnun fyrir því að ákærða hafi sest ofan á brotþola og þrýst hnjánum á bringu hans svo þar hlaust áverki, eins og greinir í ákæru.

Ágreiningur er um það í verknaðarlýsingu ákæru hvort ákærða hafi hrint brotþola niður á rúm, tekið hann hálstaki og hrækt á andlit hans.

Um hið fyrsta, þá kannast ákærða við það að hafa ýtt brotþola niður en ekki að hún hafi hrint honum. Framburður hennar um þennan meinta verknaðarþátt var nákvæmari fyrir dómi en hjá lögreglu. Fyrir dómi bar ákærða um að hún hefði ýtt með einum fingri framan á ennið á brotþola svo hann lagðist aftur fyrir sig niður á rúmið. Fyrir lögreglu bar hún aðeins um að hún hefði ýtt brotþola. Hún var hins vegar ekki spurð nánar út í

það hjá lögreglu hvernig það var gert. Ákærvaldið verður látið bera hallann af því. Að mati dómsins er því ekki unnt ganga út frá því að um sé að ræða misræmi í framburði hennar. Brotapoli bar um það við hina fyrri dómskýrslu, sem var heldur knöpp, eins og áður greinir, að ákærða hefði gripið um hann og hent honum niður á rúmið. Þessum verknaðarþætti lýsti hann einnig í sömu skýrslugjöf með þeim hætti að hún hefði ýtt honum ofan á rúmið. Við hina síðari dómskýrslu bar brotapolí um að ákærða hefði ýtt honum og hann endað liggjandi á rúminu og það hefði verið gegn vilja hans. Hann kvaðst hins vegar ekki geta lýst því nánar. Að framangreindu virtu verður lagt til grundvallar að brotapolí hafi í raun borið um það að ákærða hafi ýtt honum niður á rúm en ekki að hún hafi hrint honum. Þá verður ekki ráðið af því sem fram hefur komið að brotapolí hafi dottið niður á rúmið við það að honum var ýtt. Atvik hafi í raun verið með þeim hætti að hann hafi lagst niður á rúmið við það að honum var ýtt og verður það lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Á þessu er stigsmunur, sem hefur þýðingu við mat á því hvort háttsemi ákærðu hafi verið ofbeldi. Samkvæmt Íslenskri orðabók merkir orðið *hrinda* meðal annars að ýta einhverjum svo að hann detti en orðið *ýta* eitt og sér hefur þá merkingu að færa einhvern eða eitthvað til með útréttum höndum. Hið fyrrgreinda orð hefur meiri samsvörun en hið síðarnefnda við háttsemi sem felur í sér ofbeldi, en allur vafi í því sambandi verður virtur ákærðu í vil, eins og atvikum máls er háttað. Að framangreindu virtu er það mat dómsins að lögfull sönnun hafi ekki tekist fyrir því að ákærða hafi, er hún framdi meint ofbeldi, hrint brotapola niður á rúm eins og greinir í verknaðarlýsingu samkvæmt ákæru. Þá verður það ekki lagt að jöfnu í því sambandi þótt ákærða hafi ýtt brotapola svo hann lagðist niður á rúmið.

Ákærða hefur alfarið neitað því að hafa tekið brotapola hálstaki. Hún hefur af nokkurri nákvæmni lýst því fyrir dómi, þar með talið með líkamstjáningu, að hún hafi tekið um kjálkana á brotapola með annarri hendinni með því að halda með þumli og vísifingri yfir hökuna svo fingurnir námu sinn hvorum megin við kjálkana. Þetta hafi hún gert til að láta brotapola hætta að öskra. Framburður ákærðu fyrir dómi um þetta samrýmist framburði hennar hjá lögreglu, en á því stigi málsins bar hún um að hafa tekið um kjálkana á brotapola. Hún var hins vegar ekki spurð nánar út í það af hálfu lögreglu hvernig það var gert. Ákærvaldið verður látið bera hallann af því. Brotapoli bar um það í hinni fyrri dómskýrslu að ákærða hefði tekið um hálsinn á honum með báðum höndum. Við hina síðari dómskýrslu bar brotapolí hins vegar um að ákærða hefði gripið með höndunum í axlir hans eða nálægt hálsinum og andlitinu. Þá kvaðst hann aðspurður telja hugsanlegt að ákærða hefði tekið um kjálkana á honum með annarri hendi með því að halda með þumli og vísifingri yfir hökuna svo fingurnir námu sinn hvorum megin við kjálkana. Hendurnar hefðu verið einhvers staðar á andlitssvæði, öxlum, hálsi eða munn. Hann myndi hins vegar ekki alveg í smáatriðum hvernig það gerðist vegna þess tíma sem

væri liðinn frá því að atvik áttu sér stað. Áverkar sem komu eftir á hefðu aðallega verið á axlarsvæði. Samkvæmt læknisvottorði var brotaþoli með áverka aftan á hálsi hægra megin. Af óskýrri ljósmynd sem fylgdi fyrrgreindu vottorði verður ráðið að umræddur áverki sé roði hægra megin neðarlega á hállssvæði við axlir. Samkvæmt framburði C læknis var þar um að ræða roða sem gæti hafa myndast með hendi eða við núning við eitthvað hart í rúminu. Erfitt væri hins vegar að segja til um hið síðara og það væri frekar ólíklegt en mögulega ekki hafið yfir vafa. Að mati dómsins er því uppi verulegur vafi um það hvort ákærða hafi tekið brotaþola hálstaki eða hvort hún hafi gripið með höndunum í axlir hans eða nálægt andliti hans eða þar um kring og/eða hvort umræddur áverki hafi myndast af núningi við eitthvað hart í rúminu. Ákærða verður látin njóta þess vafa við sönnunarmatið. Þá eru fyrrgreint læknisvottorð og ljósmynd fremur ófullkomin sem sakargögn og verður ákærvaldið látið bera hallann af því. Að framangreindu virtu er það mat dómsins að lögfyll sönnun hafi ekki tekist fyrir því að ákærða hafi tekið brotaþola hálstaki eins og greinir í verknaðarlýsingu í ákæru.

Ákærða hefur alfarið neitað því að hafa hrækt á andlit brotaþola. Hún hefur borið um að hafa verið grátandi þegar hún var yfir brotaþola og munnvatn úr henni hafi frussast eða lekið yfir drenginn á meðan hún var að hrópa á hann eða tala við hann á rúminu inni í svefnherberginu. Brotaþoli bar um það í hinni fyrri dómskýrslu að ákærða hefði *spýtt frussi í fésið* á honum. Við hina síðari dómskýrslu bar brotaþoli um að ákærða hefði frussað eða hrækt munnvatni í andlit hans og augu, eins og það væri gert í senn viljandi og óviljandi, að því er honum fannst til þess að láta honum líða óþægilega. Af framburði brotaþola í heild verður ráðið að munnvatn kunni að hafa frussast úr munni ákærðu í umrætt skipti. Að mati dómsins getur það samrýmst því sem fram hefur komið hjá ákærðu, að hún hafi orðið mjög reið og misst stjórn á skapi sínu í umrætt skipti. Er það einnig í samræmi við matsgerð Í um andlegt ójafnvægi ákærðu í umrætt skipti, meðal annars vegna serótónín-einkenna af lyfjum sem ákærða tók samkvæmt læknisráði á þeim tíma. Með hliðsjón af framangreindu er það mat dómsins að nokkur vafi sé á því hvort frussast hafi óviljandi úr munni hennar yfir brotaþola eða hvort hún hafi hrækt á hann viljandi. Ákærða verður látin njóta þess vafa við sönnunarmatið. Að framangreindu virtu er það mat dómsins að lögfyll sönnun hafi ekki tekist fyrir því að ákærða hafi hrækt á andlit brotaþola eins og greinir í verknaðarlýsingu í ákæru.

Að öllu framangreindu virtu leggur dómurinn til grundvallar að sönnun hafi aðeins tekist um þá háttsemi ákærðu að hún hafi sest ofan á brotaþola og þrýst hnjánum á bringu hans svo þar hlaust áverki eins og greinir í ákæru. Að mati dómsins er óupplýst um ástæður annarra áverka á brotaþola samkvæmt verknaðarlýsingu eins og málið liggur fyrir. Ákærvaldið byggir á því að háttsemi ákærðu varði við 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum þar sem hún hafi beitt brotaþola ofbeldi og tekur verknaðarlýsing

ákæru mið af því. Það er skilyrði refsínæmis samkvæmt lagaákvæðinu að háttsemi hins brotlega sé annaðhvort endurtekin eða alvarleg svo hún ógni lífi, heilsu eða velferð niðja hins brotlega o.fl. Í greinargerð með lögnum er tekið fram til skýringar að með viðvarandi háttsemi sé vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megi að viðvarandi ógnarástand hafi skapast en þó sé ekki útilokað að einstakt brot geti fallið undir ákvæðið ef það nær tilteknu alvarleikastigi. Minni háttar brot sem náí ekki því stigi geti eftir sem áður varðað við vægari refsíákvæði eins og 1. mgr. 217. gr. laganna. Að framangreindu virtu er ljóst að sú háttsemi ákærðu sem telst sönnuð var hvorki endurtekin né heldur var um að ræða alvarlega áverka. Hvorugt skilyrði 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum er því uppfyllt í máli þessu og verður háttsemin ekki felld undir það refsíákvæði. Eru því ekki uppfyllt lagaskilyrði svo unnt sé að sakfella ákærðu fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum.

Hlutrænt séð og vegna þeirra áverka sem urðu á bringu brotþola getur háttsemin hins vegar fallið undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Til fleiri atriða þarf hins vegar að líta við mat á því hvort háttsemin verði felld undir það refsíákvæði. Ákvæðið er í fræðilegri umfjöllun á sviði refsiréttar flokkað sem sjálfstætt tjónsbrot, sem er talið vera á mörkum þess að vera samhverft brot, en það nær því þó að vera tjónsbrot. Í því sambandi gildir sú mikilvæga regla um saknæmisskilyrði að saknæmi tjónsbrots verður að taka til allra efnispátta verknaðar, eins og honum er lýst fullfrömdum í verknaðarlýsingu refsíákvæðisins, þar á meðal til afleiðinga. Í því sambandi á ásetningur við um alla efnisþætti brots samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Ásetningur og fullframingarstig brotsins verða því að falla saman. Þessu til viðbótar verður ráðið af dómaframkvæmd, við mat á því hvort háttsemi varði við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, að þrátt fyrir framangreind fræðileg viðmið þá hafi það ekki úrslitabýðingu þótt ósannað sé um líkamlegar afleiðingar eða þær verði ekki virtar hinum brotlega til sakar, sbr. dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 424/2007 og 675/2011.

Við mat á því hvort framangreind skilyrði eru uppfyllt í málinu svo leiði til sakfellingar fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga verður að líta heildstætt á atvik máls. Fyrir liggur að ákærða var mjög veik á umræddum tíma og mjög reið og æst af völdum annarlegra áhrifa lyfja án þess að hún gerði sér grein fyrir því, sbr. matsgerð og framburð dómkvadds matsmanns, auk læknisvottorða sem ákærða hefur lagt fram. Samrýmist það einnig öðru sem fyrir liggur í málinu, sbr. framburð ákærðu, brotþola og vitnisins H. Einnig liggur fyrir að hún og brotþoli voru að rífast. Þá ber ákærðu, brotþola og vitninu B saman um að umrædd málsatvik hafi verið einsdæmi og ákærða hafi ekki áður lagt hendur á börn sín. Að mati dómsins bendir allt til þess að ákærða hafi með því að sitja ofan á brotþola fyrst og fremst verið að skamma hann og öskra á hann í tengslum við það sem á undan var gengið, og þá í miklu ójafnvægi. Þá skal einnig

hafður í huga aðdragandi rifrildisins af sama toga, áður en þau fóru inn í herbergið, auk þess sem atvik þar inni í heild sinni vörðu aðeins í mjög skamman tíma. Þessu til viðbótar verður ráðið af framburði ákærðu, sem getur að nokkru samrýmst framburði brotþola, að hún hafi fært hnén af bringu drengsins þegar hann kenndi til eða kvartaði undan andþyngslum. Að öllu framangreindu virtu er því uppi skynsamlegur vafi um það að ákærða hafi í raun ætlað að meiða brotþola og valda honum líkamlegum áverka á bringu þegar hnén hvíldu ofan á brjósti hans. Að mati dómsins er því ósannað að hún hafi haft ásetning til líkamsárásar samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Eru því ekki uppfyllt lagaskilyrði svo unnt sé að sakfella ákærðu fyrir slíkt brot.

Ákærðu er einnig gefið að sök að hafa brotið gegn 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar lagagreinar er lögð refsíabyrgð við því ef maður beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni. Þá er lögð refsíabyrgð við því samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreinar ef maður sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar. Ljóst er að fyrrgreind refsíákvæði eru opin og matskennd og þegar þau standa ein og sér, en ekki samhliða öðrum refsíákvæðum, þá eru þau á mörkum þess að teljast vera nægjanlega skýr refsheimild í skilningi 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 7. gr. laga nr. 97/1995. Þrátt fyrir að fallast megi á það að háttsemi ákærðu í garð brotþola í umrætt skipti hafi ekki verið sem skyldi í samskiptum foreldris og barns og í raun verulega ámælisverð að mörgu leyti þá er það mat dómsins að verknaðarlýsing í ákæru, eins og hún er úr garði gerð, falli ekki nægjanlega að heildarumgjörð meintra atvika, eins og þau liggja fyrir í gögnum málsins og í raun upplýstust betur við dómsmeðferð þess. Þá er það einnig mat dómsins að verknaðarlýsing ákæru falli ekki nægjanlega að orðalagi fyrrgreindra refsíákvæða svo unnt sé með dómi að sakfella fyrir slíkt brot, sbr. c-lið 1. mgr. 152. gr. og 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008, og enn síður þegar tekið er mið af þeirri háttsemi ákærðu sem dómurinn hefur lagt til grundvallar að sé sönnuð. Ákærða verður því ekki sakfelld fyrir brot gegn 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.

Að öllu framangreindu virtu verður ákærða sýknuð af ákæru.

Samkvæmt 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 verður einkaréttarkröfu B, fyrir hönd brotþola, vísað frá dómi.

Vegna úrslita málsins verður allur sakarkostnaður af meðferð þess hjá lögreglu, ákæruvaldi og fyrir dómi felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir dómi, Einars Huga Bjarnasonar lögmanns, sem ráðast af tíma-skýrslu, 1.617.890 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, þóknun skipaðs verjanda ákærðu á rannsóknarstigi, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, sem ræðst af tíma-

skýrslu, 184.450 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola á rannsóknarstigi og fyrir dómi, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, sem ræðst af tímaskýrslu, 841.650 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Sigurður Pétur Ólafsson aðstoðarsaksóknari. Af hálfu ákærðu flutti málið skipaður verjandi hennar, Einar Hugi Bjarnason lögmaður. Af hálfu bótakrefjanda flutti málið skipaður réttargæslumaður brotþola, Inga Lillý Brynjólfsdóttir lögmaður.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 23. ágúst 2019 en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

D ó m s o r ð :

Ákærða, X, er sýkn af kröfum ákærvaldsins.

Einkaréttarkröfu B, fyrir hönd ólögráða A, á hendur ákærðu er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir dómi, Einars Huga Bjarnasonar lögmanns, 1.617.890 krónur, þóknun skipaðs verjanda ákærðu á rannsóknarstigi, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 184.450 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola á rannsóknarstigi og fyrir dómi, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 841.650 krónur.

Daði Kristjánsson